

Ed.

430. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta kveður svo á, að sauðfjárbaðanir skuli næst fara fram alls staðar á landinu veturinn 1971—1972. Eftir það sé heimilt að baða aðeins annað hvert ár. Þessi ákvæði eru í samræmi við gildandi lög um þetta efni.

Samkvæmt frv. skal og heimilt að veita undanþágu frá böðun sauðfjár í héraði eða í tilteknum byggðarlögum, þar sem fylgt hefur verið settum reglum um böðun og óþrifa í sauðfé hefur ekki orðið vart mörg ár, enda mæli yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir með því, að slík undanþága sé veitt.

Samkvæmt frv. skal þó ekki veita undanþágu frá böðun nema í eitt skipti í senn, þannig að ekki líði lengri tími en fjögur ár milli þess, að böðun sauðfjár fer fram hjá sérhverjum sauðfjáreiganda.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „sýslunefnd“ í 1. málslíð 3. gr. komi: ráðherra.

Alþingi, 2. marz 1971.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Páll Þorsteinsson,
frsm.
Karl Guðjónsson.

Ásgeir Bjarnason.